



Hreppsnefnd 07.05.07

Hreppsnefndarfundur haldinn mánudaginn 07. maí 2007
í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Anna Pála Víglundsóttir, Ólafur Ármannsson, Vigfús Davíðsson, Björn Halldórsson Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A-og B-hluta sjóða fyrir árið 2006

-Fyrri umræða-

Á fundinn voru mættir fulltrúar KPMG, Hlynur Sigurðsson og Magnús Jónsson.

Lagðir fram ársreikningar Vopnafjarðarhrepps, ásamt sundurliðunum A- og B-hluta sjóða fyrir árið 2006. Jafnframt var lögð fram endurskoðunarskýrsla með ársreikningum 2006.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirliggjandi reikningum. Í heild skilar A- hluti sveitarjóðs um 15,6 m.kr. í hagnað fyrir afskriftir og fjármagnliði svokölluð EBITA, en samstæðan öll þ. e. A hluti að viðbættum B-hluta sjóðum er rekin með liðlega 49,5 m. kr. hagnaði á sama grunni þ. e. EBITA. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða þá er A- hluti sveitarstjóðs rekin með rétt um 0,8 m.kr. tapi en samstæðan í heild þ. e. A- og B-hluti með 45,9 m.kr. tapi.

Í máli sveitarstjóra kom fram að meginhluti langtímalána sveitarfélagsins eru tengd vísitölu neysluverðs og eru reiknaðar verðbætur ársins 52,2 milljónir. Fjárhæð þessi kemur til hækkunar á höfuðstól lána sveitarfélagsins og á móti er fjárhæðin færð til gjalda í rekstri þess árið 2006, en kemur til greiðslu á eftirstöðvatíma lánanna. Ljóst má því vera að verðbólguþróun ræður miklu um afkomutölur sveitarfélaga, þar sem þessi tala ein og sér er hærri en tap samstæðunnar í heild.

Alls voru greidd niður lán að fjárhæð 200,9 m. kr. á árinu en á móti voru tekin ný lán að fjárhæð 134,9 m.kr.. Uppgreiðslur umfram nýjar lántökur námu því 66 m.kr., en þegar tekið hefur verið tillit til reiknaðra verðbóta lækka langtímalán sveitarfélagsins um 20,6 m.kr.

Sveitarstjóri lagði síðan til að fyrirliggjandi ársreikningum yrði vísað til síðari umræðu. Í framhaldi gerðu fulltrúar KPMG grein fyrir vinnu sinni við endurskoðunina. Fóru þeir yfir helstu atriði í endurskoðunarskýrslu sinni, og svöruðu framkomnum fyrirspurnum.

Eftir nokkrar umræður samþykkti hreppsnefnd samhljóða fyrirliggjandi tillögu sveitarstjóra um að vísa reikningunum til síðari umræðu. Var fulltrúum KPMG þakkað þeirra framlag.

2. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 23. apríl sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 23. apríl sl.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. mál Samþykktir fyrir menningarmálanefnd
Lagðar fram til samþykktar samþykktir fyrir menningarmálanefnd.
Samþykktirnar samþykktar samhljóða.

4. mál Fundargerð atvinnu – og ferðamálanefndar frá 23. apríl sl.

Lögð fram fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar frá 23. apríl sl.

Oddviti vakti athygli á 6. lið í fundargerð er varðar möguleika fyrir t. a. m. Vopnfirðinga að vinna hjá Fjarðaáli og búa hér. Samþykkt að sveitarstjórn skrifi erindi til fyrirtækisins hér að lútandi. Rætt um rekstur Kaupvangs með hliðsjón að tillögum sem fram koma í fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar. Bent á að þegar hefur verið reyndur rekstur kaffihúss og gekk ekki. Ennfremur vakin athygli á að sveitarfélagið er að reka hótél og ekki fer saman rekstur hótels og kaffihúss. Samþykkt að vinnuhópur hreppsnefndar um starfsemi í Kaupvangi komi saman til fundar. Fundargerðin síðan samþykkt.

5. mál Ráðstefna á Vopnafirði um menningartengd ferðamál.

- Samantekt-Næstu skref -

Lögð fram samantekt um ráðstefnuna “Falin tækifæri Vopnafjarðar”, sem haldin var í félagsheimilinu Miklagarði 25. apríl sl. og þótti takast vel. Í samantektinni kemur fram að hugmyndin er að fá Sigurð Þorsteinsson, viðskiptafræðing, til þess að vinna verkefnavinnu er lítur að gerð starfsáætlunar um það hvernig helst verður staðið að því að koma þeim hugmyndum í framkvæmd sem Vopnfirðingum hugnast að vinna frekar.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að ganga frá samningsdrögum við Sigurð Þorsteinsson.

Málinu einnig vísað til umsagnar í menningarmálanefnd og atvinnu- og ferðamálanefnd.

6. mál Drög að samningi við verktaka vegna dýpkunarframkvæmda 2007.

-Staða málsins kynnt-

Lögð fram drög að samningi um dýpkunarframkvæmdir á Vopnafirði árið 2007. Samningurinn er milli Vopnafjarðarhrepps annars vegar og hins vegar Hagtaks h/f og Björgunar h/f. Þessi tvö fyrirtæki áttu tilboð í vekið annars vegar að fjárhæð 162 m.kr. og hins vegar 174 m.kr. Í fyrirbyggjandi samningsdrögum hefur náðst samkomulag um að fyrirtækin vinni sameiginlega að verkinu og er samningsfjárhæðin 139 m.kr.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá samningi á þessum nótum, en vísar málinu að öðru leyti til hafnarnefndar.

7. mál Bréf Nýs Afls frá 2. maí sl.

Lagt fram bréf dags. 2. maí sl., frá minnihluta hreppsnefndar, þar sem spurst er fyrir um: Brunavarnir, fjarskipti og Bústofnsleigusjóð.

Sveitarstjóri og oddviti gerðu svofellda grein fyrir þessum málum og hver staðan væri í hverju og einu tilviki:

a)Fyrirspurn um brunavarnir:

Gengið hefur verið frá ráðningu slökkviliðs -og varaslökkviliðsstjóra frá síðustu áramótum.

Ennfremur hafa slökkviliðsmenn fengið greidd laun fyrir störf sín frá síðustu áramótum miðað við ákveðnar forsendur.

Upp komu kröfur eftir áramót um endurskoðun launa sérstaklega af hendi slökkviliðsmanna á Héraði. Þær kröfur eru til skoðunar og úrvinnslu milli Landssamband slökkviliðsmanna og stjórnar Brunavarna á Austurlandi. Á meðan unnið er að þeim málum verður slökkviliðsmönnum greitt á þeim grunni sem ákveðið var af stjórn Brunavarna.

Fram að þessu hefur kostnaðaráætlun sem um þessi mál var gerð staðist. Ljóst er þó að hún rýmir ekki frekari launahækkanir en þegar eru fram komnar í þeirri tillögu sem greitt er eftir.

b)Fjarskiptamál:

Vopnafjarðarheppur hefur beitt sér fyrir því að hluti þeirra peninga sem fengust úr söluhagnaði símans nýtist til þess að gera gott netsamband í dreifðari byggðum landsins, og jafnhliða verði unnið að því að bæta sem hraðast GSM samband þar sem það er slæmt og eða alls ekki til staðar. Í þessu sambandi hefur meðal annars Samgönguráðuneyti og Samgöngunefnd Alþingis verið rituð bréf um þessi efni, þar sem óskað er viðbragða til úrlausna fyrir Vopnafjörð í þessum efnunum.

Vopnafjarðarheppur fékk einnig Skrín/Skýrr til þess að skoða þessi mál. Vinna þeirra beindist fyrst og fremst að því hvort mögulegt væri að útvíkka netsamband í gegnum ADSL tengingu. Í því sambandi var farið um sveitina og kannaðir möguleikar. Þetta dugði til í þeim tilvikum þar sem vegalengd var ekki of mikil; þannig var hægt að bjóða þeim bæjum sem næstir eru þorpinu upp á háhraðatengingu. Þessir aðilar höfðu ekki áhuga á að vinna frekar að framvindu mála til að mynda í

gegnum þráðlaust samband fyrir aðra hluta dreifbýlis.

Í þeim efnum var haft samband við fyrirtækið E-max, sem unnið hefur að slíkum tengingum á Fliótsdalshéraði og víðar. Fulltrúar þess fyrirtækis höfðu þá ekki hug á að vinna málið fyrir Vopnfirðinga að svo stöddu máli. Þá hefur verið rætt við fyrirtækið Hringiðu sem komið hefur að svona málum m.a. á Snæfellsnesi. Lýstu þeir áhuga á málinu og verður farið í frekari viðræður við þá um málið.

Áhugi hreppsnefndar er á að vinna að þessum málum sé það ekki of kostnaðarsamt. Þá telur hreppsnefnd að þetta eigi að vera kostað af ríkisvaldinu eins og gefið hefur verið undir fótinn með í gegnum svokallaðan Fjarskiptasjóð. Eins og menn muna þá sótti samgönguráðherra Vopnfirðinga heim á síðasta ári og gerði grein fyrir áformum í þessum efnum.

c) Atvinnueflingarsjóður

Vopnafjarðarheppur hefur með aðstoð Þróunarfélags Austurlands komið af stað hugmyndum að stofnun sérstaks atvinnueflingarsjóðs fyrir Vopnafjörð. Í því sambandi er unnið að gerð draga að stofnskrá fyrir slíkan sjóð.

Hugmyndin er að stofnfjár verði aflað frá Vopnafjarðarheppi, ríkisvaldi og öðrum fjárfestum eftir því sem mögulegt er.

Markmið sjóðsins skal vera að styðja við nýsköpunarverkefni og viðskiptahugmyndir sem til sjóðsins berast og unnið er að á svæðinu. Stjórn sjóðsins fjallar um slíkar umsóknir.

Nauðsynlegt er að sjóðurinn vinni eftir reglum sem heimila stjórninni að veita styrki til tiltekinna verkefna, geti veitt lán með þolinmóðu fé og einnig hugsanlega á venjulegum kjörum lánastofnana. Í þessu sambandi þarf að móta með skýrum hætti hvernig slíkar reglur koma til með að líta út.

Hugmyndin er síðan að skynsamlegt geti verið að slíkur sjóður verði vistaður hjá fagaðila á sviði peningamála og og jafnframt að stjórnin verði hugsanlega skipuð fagaðilum með einum eða öðrum hætti. Um þetta allt þarf að taka sérstakar ákvarðanir.

Rétt er hugsanlega að Bústofnsleigusjóður verði settur undir þennan sjóð sé það talið heppilegt. Þetta þarf sérstaklega að skoða og ákveða hvort sjóðurinn verður deild inni í hinum nýja sjóði eða innlimaður í hann.

Almennt verður reynt að flýta þessari vinnu sem kostur er þannig að mögulegt sé að taka ákvarðanir um það hvernig best verður staðið að málum.

Í framhaldi af yfirferð þessari áttu sér stað nokkrar umræður um þessi málefni.

8. mál Bréf hestamannafélagsins Glófaxes frá 28. apríl sl, varðandi styrk.

Lagt fram bréf hestamannafélagsins Glófaxes frá 28. apríl sl., þar sem óskað er eftir styrk til félagsins. Hreppsnefnd gerir eftirfarandi samþykkt:

„Hreppsnefnd Vopnafjarðarhepps fagnar því að unnið sé að því að endurlífga starfsemi hestamanna félagsins Glófaxes sem legið hefur að mestu niðri um nokkurt skeið. Á þessum grunni samþykkir hreppsnefnd að veita hestamannafélaginu umbeðinn styrk að fjárhæð 500 þús. kr. og telur jafnframt að vinna beri að samkomulagi við félagið um æskulýðsstarfssemi ofl. Þeim þætti erindisins er vísað til umfjöllunar í æskulýðs -og íþróttanefnd.

Almennt þykir þó rétt að minna á að styrkbeiðnir þurfa að liggja fyrir tímanlega fyrir fjárhagsáætlanagerð hvers árs.”

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

9. mál Bréf frá Minjasafninu Bustarfelli dags. 20. apríl sl., varðandi styrk.

Hreppsnefnd telur verkefnið um margt mjög spennandi og telur æskilegt að styðja við það. Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til umsagnar í menningarmálanefnd.

10. mál Bréf Menningarráðs Austurlands frá 20. apríl sl., varðandi tilnefningu fulltrúa

sveitarfélagsins á aðalfund ráðsins 24. maí nk. á Reyðarfirði.
Lagt til að fulltrúi Vopnafjarðarhrepps á aðalfund Menningarráðs verði formaður
menningarmálanefndar og til vara menningarmálafulltrúi.
Samþykkt samhljóða

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:35.